

Alþingi
Erindi nr. P 131/802
komudagur 17.2.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2005

Efni: Umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.

Félagi viðskiptalögfræðinga hefur borist til umsagnar skýrsla um umfang skattsvika á Íslandi. Skýrslan er vel unnin og ítarleg. Í henni eru lagðar til ýmsar aðgerðir sem hafa það að markmiði að draga úr skattsvikum.

Félag viðskiptalögfræðinga telur afar mikilvægt að gerðar verði breytingar á löggjöf sem miðar að því að draga úr umfangi skattsvika á Íslandi, sérstaklega í ljósi þess að eignatengsl fyrirtækja eru flóknari og skattsvikaleiðir hafa aukist í gegnum erlend samskipti. Regluverk þarf þannig að laga að breyttum aðstæðum.


Félag viðskiptalögfræðinga telur brýnt að skattalöggjöf á Íslandi taki enn meira mið af leiðbeiningum og rannsóknum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um skatta.

Líkt og fram kemur í kafla 14.7.3 teljum við að leggja verði aukna áherslu á að koma í veg fyrir misnotkun á tvísköttunarsamningum (e. treaty shopping) með sérstökum ákvæðum til varnar skattsvikum í samningunum. Sérstaklega er átt við þau tilvik þegar skattaðili notfærir sér ávinning af tvísköttunarsamningi sem hann undir venjulegum kringumstæðum ætti ekki rétt á, þar sem hann er ekki heimilisfastur í öðru hvoru samningsríkjanna.


Félag viðskiptalögfræðinga er sammála megininntaki skýrslunnar og telur brýnt að gripið verði til aðgerða sem ætlað er að komi í veg fyrir skattsvik.

Virðingarfyllst,


f.h. rannsóknarnefndar félags viðskiptalögfræðinga,



Jóhann Haukur Hafstein



Jón Ingi Ingibergsson



Þórður Reynisson